

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps vegna landbúnaðarsvæðis að Reykjalandi.

Skipulagsstofnun staðfesti 21. janúar 2025 óverulega breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. desember 2024.

Í breytingunni felst að frístundabyggð F87 í landi Reykjalandar er minnkuð um rúmlega 1 ha og er afmörkun svæðisins eftir breytingu eins og hún var samkvæmt eldra aðalskipulagi. Landbúnaðarsvæði L2 stækkar sem breytingunni nemur.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 21. janúar 2025.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 4. febrúar 2025